

# Deild íslenska fjárhundsins



**Skýrsla stjórnar 2011**

**Lögð fram á ársfundi deildarinnar 17. apríl 2012**

**Stjórn**

Ágúst Ágústsson formaður

Rúnar Tryggvason ritari

Monika D. Karlsdóttir gjaldkeri

Helga Andrésdóttir meðstjórnandi

Unnur Sveinsdóttir meðstjórnandi

auk þess var Guðríður Valgeirsdóttir tengiliður stjórnar HRFÍ

**Nefndir****Dagatalsnefnd**

Ágúst Ágústsson

Helga Andrésdóttir

Matthías Arngrímsson

**Skemmtinefnd**

Linda Björk Jónsdóttir

Sunna Líf Hafþórsdóttir

Lára Bogey Finnbogadóttir

Linda Laufey Bragadóttir

**Göngunefnd**

Hafþór Snæbjörnsson

Hafdís Ólafsdóttir

**Umsjón með heimasíðu**

Linda Björk Jónsdóttir

Rúnar Tryggvason

**Umsjón með gagnagrunni**

Guðni Ágústsson

**Ræktunarráð**

Stjórn DÍF

**Skoðunarmaður reikninga**

Bergþóra Ólafsdóttir

## Fundir

Sjö stjórnarfundir voru haldnir á árinu og einn vinnufundur.

Stjórn HRFÍ hélt þrjá fulltrúaaráðsfundi og mættu fulltrúar DÍF á þá alla. Einnig tóku tveir fulltrúar DÍF þátt í stefnumótunarpingi HRFÍ 4. apríl 2011 þar sem fulltrúar allra deilda ræddu málefni HRFÍ og lögðu fram tillögur um mótun starfseminnar í framtíðinni.

## Alþjóðlegt samstarf

ISIC ráðstefna var haldin í Hollandi 1.-4. október og fóru Ágúst Ágústsson og Helga Andrésdóttir fyrir hönd DÍF.

ISIC er skammstöfun á *Icelandic Sheepdog International Cooperation*, alþjóðlegum samstarfsvettvangi um ræktun og velferð íslenska fjárhundsins. Fulltrúar aðildalandanna 10 hittast árlega á ráðstefnu, skiptast á upplýsingum og ræða stöðu tegundarinnar hverju sinni. Allir vinna þeir samkvæmt alþjóðlegri ræktunarstefnu ISIC um ræktun heilbrigðra hunda með góða vinnueiginleika og dæmigert lunderni.

Guðrún R. Guðjohnsen stofnaði til samstarfsins árið 1996 og hefur frá upphafi verið í forsvari. Öll aðildalöndin eiga LatHunden, forrit sænska erfðafræðingsins Dr. Per-Eriks Sundgren og er það notað til að greina niðurstöður um tegundina í hverju landi fyrir sig og bera saman við heildarstofninn. Alþjóðlegur gagnagrunnur um alla ættbókarfærða íslenska fjárhunda í aðildalöndunum þykir einstakur og er ákaflega mikilvægur upplýsingagrunnur fyrir alla sem eiga og rækta íslenska fjárhunda.

## Nefndir

Nefndum deildarinnar fjölgaði úr einni í þrjár og nú eru starfandi göngunefnd og skemmtinefnd auk dagatalanefndarinnar.

Hafþór Snæbjörnsson og Hafdís Ólafsdóttir hafa skipulagt gönguferðir á tveggja vikna fresti á árinu og fer þátttakendum sífellt fjölgandi.

Linda Björk Jónsdóttir, Sunna Líf Hafþórsdóttir, Lára Bogey Finnbogadóttir og Linda Laufey Bragadóttir mynduðu skemmtinefnd og hafa staðið sig með þryði.

Dagatalanefnd sér um útgáfu á dagatali deildarinnar, sem er eina tekjulind deildarinnar og því afar mikilvæg. Nefndina skipuðu Ágúst Ágústsson, Helga Andrésdóttir og Matthías Arngrímsson.

Stjórn DÍF færir öllu þessu fólki þakkar fyrir vel unnin störf og þakkar einnig kærlega þeim sem sendu deildinni myndir fyrir dagatalið.

Þá eru Lindu Björk Jónsdóttur, Rúnari Tryggvasyni og Guðna Ágústssyni færðar þakkir fyrir vinnu við heimasíðu deildarinnar og uppfærslu á gagnagrunni.

### **Kynning á íslenska fjárhundinum**

DÍF var með kynningabás á öllum sýningum HRFÍ á árinu og auk þess voru íslenskir fjárhundar á stórhundadögum í Garðheimum í mars 2011.

Sunnlenskir sveitadagar voru á Selfossi 7. maí og mættu tólf íslenskir fjárhundar þangað til þátttöku.

Rúnar Tryggvason skrifaði deildarfréttir í öll tölublöð Sáms á árinu.

### **Fundir, fræðsla og samvera**

Opið hús var haldið 12. maí 2011 þar sem um 30 manns komu saman og ræddu um starfsemi félagsins. Þótti fundurinn mjög gagnlegur og spunnust umræður um kosti og galla í starfsemi félagsins og það sem betur mætti betur fara.

Sif Traustadóttir var á opnu húsi deildarinnar í mars 2012 og fjallaði um uppeldi hvolpa. 28 manns mættu og voru mjög ánægðir með fyrirlesturinn.

Hollenski dómari Wilma Roen hélt fyrirlestur um liti íslenskra hunda í janúar 2012. 27 manns mættu.

Auk reglulegra gönguferða á vegum göngunefndar var farið í göngu á Stokkseyri í tengslum við útilegu og skemmtun 7. og 8. ágúst. 24 mættu og nutu samveru og útivistar í blíðskaparveðri.

### **Sýningar**

Íslenski fjárhundurinn var nokkuð áberandi á sýningum HRFÍ á árinu og er stigahæsti íslenski fjárhundur ársins C.I.B. ISCH ISW-09 Arnarstaða Rektor. Þrjú hundar urðu íslenskir meistarar á árinu; Eir frá Keldnakoti, Snætinda Nökkvi og Snætinda Ísafold. Eru eigendum og ræktendum færðar hamingjuóskir.

Haustið 2011 sendi stjórn DÍF umsókn um deildarsýningu til stjórnar HRFÍ, sem undir árslok hafnaði umsókninni. Haft hafði verið samband við hollenska dómara Wilmu Roen og hafði hún gefið hafði vilyrði fyrir því að dæma. Ákveðið var að halda opna sýningu og kalla hana Hátíð íslenska fjárhundsins, en freista þess jafnframt að fá samþykki HRFÍ fyrir meistarastigssýningu. Það tókst og dæmdi Wilma 65 hunda

á deildarsýningunni 14. janúar, þar sem tveir hundar fengu íslensk meistarastig, Snætinda Nökkvi sem varð þá íslenskur meistari og Stefstells Pía Bella. Besti hundur sýningar var ISCH Eir frá Keldnakoti.

### **Heilbrigði**

35 hundar voru mjaðmamyndaðir á árinu og voru niðurstöður eftirfarandi:

- A 8 hundar
- B 8 hundar
- C 13 hundar
- D 6 hundar
- E 0 hundur

59 hundar fóru í augnskoun 2011, allir án athugasemdir nema:

- 2 x PHTVL/PHPV 1. gráða í hægri auga
- 1 x Distichiasis
- 1 x Pannus
- 1 x Cortical Cataract anterior í vinstra auga
- 1 x Grunur um arfgengt Cataract sem greindist seinna sem Punctate Cataract í hægri auga
- 1 x Cortical Cataract í hægri auga (ekki arfgengt)
- 1 x Retinal Dysplasia

### **Ræktun**

Alls voru 120 hvolpar ættbókarfærðir á árinu 2011 og voru þeir úr 27 gotum. Er þetta mikil aukning frá árinu áður, eða 26%. Einnig hefur hvolpum í hverju goti farið fjölgandi og voru að meðaltali 4,45 hvolpar í goti á árinu 2011. Árið 2010 var meðalfjöldinn 4,13 og árið 2009 3,68.

### **Heimasíða DÍF**

Breytingar hafa verið gerðar á heimasíðu deildarinnar, sem nú er einfaldara að uppfæra en áður. Linda Björk Jónsdóttir hannaði nýju síðuna og hefur umsjón með henni ásamt Rúnari Tryggvasyni. Kostnaður við hýsingu hefur lækkað talsvert þrátt fyrir meira rými fyrir gögn og er nú tæplega 17.000 kr. á ári. Umferð um heimasíðuna er töluverð og að meðaltali skoða rúmlega 3.000 manns síðuna á mánuði. Innlendar heimsóknir eru um 65% og frá útlöndum um 35%. Flestir erlendu gestanna eru í Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Norðurlöndunum.

Reykjavík 17. apríl 2012  
f.h. stjórnar DÍF

---

